



Kópavogur, 20. febrúar 2018.

Ágæta foreldri/forráðamaður

Í vaxandi mæli hafa þjóðir heims leitast við að meta stöðu menntakerfa sinna með þátttöku í alþjóðlegum rannsóknum sem veita innsýn í styrkleika og áskoranir landanna í menntamálum. Nú í mars verður PISA-könnunin á vegum OECD Efnahags- og framfarastofnunarinnar lögð fyrir á Íslandi. Í henni er lagt mat á færni 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði auk þess sem könnuð eru viðhorf, samskiptafærni og aðrir þættir sem miklu skipta í námi nemenda. Alls taka yfir 80 þjóðir nú þátt í PISA-könnuninni og hefur Ísland verið með frá upphafi.

Hér á landi hefur verið tekið mið af niðurstöðum PISA og hrundið af stað úrbótum undir heitinu *Þjóðarsáttmáli um læsi* með þátttöku allra sveitarfélaga í landinu og samtaka kennara, foreldra og annarra aðila. Þar verða niðurstöður PISA um stöðu íslenskra nemenda í læsi nýttar sem mælikvarði á árangur.

Erindi þessa bréfs er að láta þig vita að **barn þitt** er í hópi þeirra sem taka þátt í PISA-könnuninni að þessu sinni.

Könnunin og spurningalisti sem henni fylgir munu taka um þrjár og hálf klukkustund með reglulegum hléum. Á þeim tíma munu nemendur leysa ýmiss konar verkefni sem reyna á hæfni í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. Að loknum verkefnum svara nemendur spurningalista þar sem spurt er um viðhorf þeirra til náms, um skólann og námsvenjur þeirra ásamt hefðbundnum spurningum um bakgrunn. Könnunin er lögð fyrir í tölvustofu skólans og getur verið að prófun í skólanum dreifist á nokkra daga en hver nemandi tekur þó aðeins þátt einn dag. Nánari upplýsingar um dagsetningar veitir skólastjóri.

Svör nemenda í PISA eru ekki persónugreinanleg og ekki verður hægt að rekja svörin. Tilkynning um verkefnið hefur verið send Persónuvernd, nr. S8193. Ef þú vilt ekki að barn þitt taki þátt í þessari könnun, vinsamlega fylltu út formið hér fyrir neðan og skilaðu á skrifstofu skólans. Ef þú hins vegar ert samþykkt/ur þátttöku barnsins þarft þú ekkert frekar að gera.

Bækling um PISA er að finna hér: https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/PISA_2018/. Frekari upplýsingar um PISA er að finna á heimasíðu Menntamálastofnunar hér: <https://mms.is/allt-um-pisa>

Virðingarfyllst,

Arnór Guðmundsson
Forstjóri Menntamálastofnunar

PISA – Menntamálastofnun – Berist til tengiliðar PISA-rannsóknarinnar í skólanum

Ég vil ekki að barn mitt taki þátt í OECD / PISA-rannsókninni 2018:

Nafn barns: _____

Skóli og bekkur: _____

Undirskrift foreldris/forráðmanns: _____